

Samfélagsmiðlar og fjölmiðlar

Samfélagsmiðlar

1. **Daginn fyrir mót**, veitir FSÍ mótshaldara aðgang að Facebook síðu sambandsins, sem og link á myndasíðu sambandsins.
 - Leiðbeiningar fyrir myndasíðu fylgir í töluvpóstinum
2. **Í byrjun keppnisdags** setur mótshaldari inn færslu á Facebook síðuna með eftirfarandi upplýsingum – Dæmi aftast í þessu skjali.
 - hvenær allir mótshlutar byrja þann daginn
 - hlekk á úrslitaþjónustu (Sport Event System)
 - með færslunni fylgir mynd af salnum
3. **Í lok móts** setur mótshaldari allar velheppnaðar myndir inn á myndasíðu FSÍ.
4. Mótshaldara ber skylda til að setja inn Facebook færslu með myndum af verðlaunahöfum **eftir hvern keppnisdag**, en er einnig frjálst að setja inn myndir **eftir hvern mótshluta**. – Dæmi aftast í þessu skjali.
 - Myndir sem fara á Facebook síðu FSÍ skulu einungis koma frá þeim aðila sem er með aðgang.
 - Með færslunni fylgir:
 - hlekkur á úrslitaþjónustu (Sport Event System)
 - hlekkur á myndasíðu
5. Kynnir mótsins hvetur alla til að;
 - líka við Facebook síðu Fimleikasambands Íslands og að skoða úrslitamyndir þar.
 - fylgja Instagram reikning sambandsins; Fimleikasamband Íslands (icelandic_gymnastics) og merkja myndir sem þau setja á sitt persónulega Instagram með @icelandic_gymnastics. Með því gefa þau Fimleikasambandinu leyfi til að endurbirta myndir á Instagram reikning sambandsins.
6. Vanda skal orðaval og alla framsetningu við upplýsingar sem birtar eru á síðum sambandsins. Sjá dæmi neðst í þessu skjali.

Fjölmiðlar

Mótstjóri FSÍ annast samskipti við fjölmiðla í samvinnu með mótshaldara, að undanskildum A-mótum, þá sinnir mótstjóri FSÍ í samvinnu við skrifstofu FSÍ því hlutverki alfarið. Mikilvægt er að vanda til verka þegar kemur að samskiptum við fjölmiðla. Í samskiptum við fjölmiðla, er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Mótshaldari gefur upp tengilið við fjölmiðla á mótinu og tekur á móti fjölmiðlum og leiðbeinir þeim á mótsstað.
- Að móti loknu sendir mótshaldari stutta samantekt með úrslitum og myndum á mótstjóra.



Dæmi um facebook færslu í byrjun keppnisdags:

Fimleikasamband Íslands
Útgefið af [User] · 5. nóvember 2022 · [Location]

Prepamót 1

Laugardaginn 5. nóvember fer fram prepamót í áhaldafimleikum í sal Fimleikafélags Akureyrar við Giljaskóta.

Prepamótið er fyrir keppendur í 4. og 5. þrepi fimleikastigans en það eru yngstu keppendumir, frá 9 ára aldri.

Mótið er í tveimur hlutum:

1. hluti hefst kl. 11:30 - Keppendur í 5. og 4. þrepi kvk og 5. þrepi kk.
2. hluti hefst kl. 14:50 - Keppendur í 4. þrepi kvk og 4. þrepi kk.

Hægt er að fylgjast með úrslitum mótsins á vef Sport Event System en hér er hlekkur á úrslit mótsins: Live Score - Sport Event Systems:
<https://live.sporteventsystems.se/Score/WebScore/2420>



Dæmi um facebook færslu í lok keppnisdags:

Fimleikasamband Íslands
Útgefið af [User] · -4 dagar · [Location]

Þá er prepamót II lokið - Óskum öllum til hamingju með mótið og sérstakar hamingjuóskir til allra sem náðu þrepinu í dag!

Myndir: <https://fimleikasambandislands.smugmug.com/%C3%9Erepam.../>

Úrslit: <https://live.sporteventsystems.se/score/WebScore/2490>

